

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa og velferðarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Lagt er til að settur verði á fót sameiginlegur stýrihópur skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs sem hafi það hlutverk að skoða hvernig megi samþætta og einfalda skipulag og starfsemi þeirrar stoðþjónustu sem borgin veitir börnum með sérþarfir með það að markmiði að bæta þjónustu við börn og forráðamenn þeirra, auka skilvirkni hennar og stuðla að því að hún skili börnunum framförum. Þar verði til skoðunar sérkennsla og stuðningur í skólum og frístundastarfi, skólaþjónustan og sérstaklega hugað að samstarfi kennara, skólastjórnenda, sérfræðinga skólaþjónustu og starfsfólks sviðanna við að tryggja börnum markvissa þjónustu sem skilar þeim árangri og framförum. Stýrihópurinn hafi m.a. það hlutverk að fylgjast með framgangi verkefnisins Betri borg fyrir börn í Breiðholti og leggja mat á fýsileika þess að yfirfæra verkefnið á aðra borgarhluta. Hópnum verði m.a. falið að móta tillögur um leiðir til að meta árangur af sérkennslu, stuðningi og skólaþjónustu með það fyrir augum að auka gæði og virkni þjónustunnar fyrir viðkomandi börn. Í stýrihópnum eigi sæti formenn skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs og sviðsstjórar skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Hópurinn kalli til ráðgjafar fulltrúa úr skólasamfélaginu og fagaðila eftir þörfum.